



Kaupmáttur sá sami og í ágúst 2006

Kaupmáttur jókst töluvert á síðasta samningstímabili.

Á síðasta samningstímabili, frá því í apríl 2011 fram til desember 2013, hækkaði launavísitalan um tæp 24%. Sú launahækkun skilaði 7,4% aukningu kaupmáttar. Því má segja að á tímabilinu hafi rúmlega tveir þriðju hluta launahækkana hafi orðið verðbólgunni að bráð eða fóðrað hana. 7,4% kaupmáttaraukning á tveimur og hálfu ári er í rauninni ekki slæm niðurstaða út af fyrir sig, en tilkostnaðurinn mætti gjarnan vera minni.

Sé litið til lengri tíma má segja að u.þ.b. helmingi af kaupmáttarfallinu sem varð í kjölfar hrunins hafi verið náð til baka. Kaupmáttur á mælikvarða launavísitölu var sá sami nú í janúar og var í ágúst 2006.


Kaupmáttur launa hækkaði um 1,7% frá desember til janúar. Síðustu tólf mánuði hefur vísitala kaupmáttar launa hækkað um 3,4%, þar af kom helmingur til í síðustu mælingu.

Kaupmáttur hækkaði eilítið á síðasta ári í kjölfar sammingsbundinna hækkana í febrúar og mars en hélst síðan nokkuð stöðugur það sem eftir lifði ársins og var t.d. sá sami í desember 2013 og hafði verið í mars sama ár.

Launavísitala hækkar


Launavísitalan hækkaði um 1,0% í janúar frá fyrri mánuði. Vísitalan hefur hækkað um 6,7% undanfarna 12 mánuði. Kjarasamningar Samtaka atvinnulífsins og nokkurra aðildarfélaganna Alpýðusambands Íslands frá 21. desember 2013 kváðu á um almenna hækkun launataxta um 2,8% þann 1. janúar 2014. U.þ.b. helmingur félagsmanna ASÍ fékk þá hækkun og er þar að finna mestu áhrifin á launavísitöluna. Í janúar kom einnig til útborgunar eingreiðsla sem framkvæma átti í lok samningstíma kjarasamninga ríkisins og stéttarfélaganna opinberra starfsmanna. Sú greiðsla hafði áhrif til 0,1% hækkunar launavísitölu á ársgrundvelli.

Kaupmáttur launavísitölu



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Launavísitala og kaupmáttur



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



Nú hafa verið undirritaðir kjarasamningar fyrir nær öll aðildarfélög ASÍ með 2,8% upphafshækkun launa. Komi þær hækkanir til framkvæmda má ætla að launavísitalan hækki með svipuðum hætti í næsta mánuði. Þá eru eftir kjarasamningar opinberra starfsmanna, en viðræður um þá standa nú yfir. Niðurstaða þeirra viðræðna er óviss, bæði hvað tíma og launabreytingar snertir. Fjöldi launamanna sem tekur laun samkvæmt kjarasamningum ASÍ er mun meiri og hefur sá hópur mestu áhrifin á launavísitöluna.

6,7% hækkun launa á ári er talsvert meira en gerist í nálægum ríkjum en eitt af markmiðum nýgerðra kjarasamninga virðist vera að reyna að byggja upp kaupmátt með minni launabreytingum.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.